

Tafla yfir lög og reglugerðir sem varða samning SP um réttindi fatlaðs fólks

## SAMNINGUR UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

### Innanríkisráðuneytið

#### VINNUSKJAL

Reykjavík 22. júní 2015

**Fyrirvari:** Stuðst er við frumþýðingu utanríkisráðuneytisins á sáttmálanum en verulegum vandkvæðum var bundið að uppfæra skjalið með hliðsjón af endanlegri þýðingu. Við mat á efnisinntaki skuldbindinga er miðað við endanlega útgáfu þýðingarinnar dags. í nóvember 2013.

Skilgreining: **V** á við ef til eru lög eða reglugerðir sem eiga við ákvæði sáttmálans og **X** ef þörf er á að breyta eða bæta inn í núgildandi laga- og regluverk, eða ef rýna þarf löggjöf frekar.

1.gr. Markmið	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.	lög um málefni fatlaðs fólks (lmff)	Setja markmiðsákvæði inn í lög um málefni fatlaðs fólks. Þetta ákvæði rúmast í mannréttindakafla stjórnarskránnar, sérstaklega ef nýtt ákvæði kemur inn í lmff. Þarf einnig að koma skýrar fram í öðrum lögum,	VEL	X

3. gr. Almennar meginreglur	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
--------------------------------	------------	--------------	--------	-----

2. Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli	Lmff lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna (nr.22/2006)	Athuga hvort að skoða þarf skilgreiningu í tengslum við endurskoðun LMFF. Huga að mismununartilskipun. Í 3. gr. laga nr. 22/2006 er að finna skilgreiningu um alvarlega fatlað barn.	VEL	X
--	---	--	-----	---

2. gr. Skilgreiningar	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:		Krefst ekki lagabreytinga. Ákvæði til skýringar á hugtökum í samningnum.	IRR	V
(a) „samskipti“ merkir meðal annars tungumál, sýningu texta, blindraletur, samskipti með snertingu, stórt letur og aðgengilega fjölmiðla, einnig samskiptaaðferðir, -leiðir og -form sem auk þess að vera ritað mál, heyrnleg boð, auðskilið mál og upplestur eru bætt og óhefðbundin, þ.m.t. aðgengileg upplýsinga- og samskiptatækni,				
(b) „tungumál“ merkir meðal annars talað mál og táknmál og annars konar mál sem ekki er talað, „mismunun vegna fötlunar“ merkir aðgreiningu, útilokun eða takmörkun af hvaða tagi sem er vegna fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvela eða koma í veg fyrir að fatlað fólk fái viðurkennd, notið eða nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi á sviði stjórn-, efnahags-, félags- og menningarmála, sem borgarar eða á öðrum sviðum. Fyrirnefnd mismunun tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, m.a. að fötluðu fólki sé neitað um viðeigandi aðlögun,				
(c) „viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem ekki eru umfram það sem eðlilegt má teljast eða of þyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggja sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi,;				
(d) „algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun.	Skipulagslög nr.123/2010	Er í 3. tl. 1. mgr. 2. gr. skipulagslaga. Orðrétt inn í byggingareglugerð		
(e) „Algild hönnun“ útilokar ekki hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, sé þeirra þörf.	Skipulagslög nr.123/2010	Er í 3. tl. 1. mgr. 2. gr. skipulagslaga.		

Almennar meginreglur. Meginreglur sammings þessa eru eftirfarandi:		Þessar meginreglur eru nánar útfærðar í samningnum og koma til skoðunar í öðrum greinum sammingsins. Þarf að huga að því að skilgreina og afmarka ábyrgð viðkomandi aðila.	IRR	V
a) virðing fyrir meðfæddri göfgi, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði þeirra,				
b) bann við mismunun,.				
c) að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar,				
d) virðing fyrir því sjónarmiði að fatlað fólk sé ólíkt og viðurkennt í þeim skilningi að um mannlega fjölbreytni og mannlegt eðli sé að ræða				
e) jöfn tækifæri				
f) aðgengi	Aðgengisstefna fyrir opinbera vefi: <a href="http://www.forsetisraduneyti.is/um-vefinn/nr/2287">http://www.forsetisraduneyti.is/um-vefinn/nr/2287</a>	Ríkisstjórnin hefur samþykkt árið 2012 nýja aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi til að tryggja aðgengi m.a. fyrir blinda, sjónskerta og aðra sem þurfa að nota hjálpartæki við lestur efnis og notkun vefja almennt. Innleiðingu viðmiðanna á að vera lokið 1. janúar 2015. Innanríkisráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingunni. Aðgengisviðmiðin í nýju stefnunni fylgja staðli alþjóðlegu staðlasamtakanna W3C (WCAG 2.0 AA) sem hefur verið kynntur hagsmunaaðilum og farið í gegnum víðtækt umsagnarferli á vegum innanríkisráðuneytisins. Sjá einnig málstefnu stjórnarráðs Íslands.	IRR	V
g) jafnrétti kynjanna				

4. gr. Almennar skuldbindingar	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru h) virðing fyrir sibreytilegri getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita tagi vegna fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til: sjátskýnd sína				
a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum nái fram að ganga,		Yfirstandandi verkefni á grundvelli framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014.	IRR	V
b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,		Þarf að gera framkvæmdaáætlun á grundvelli fullgildingarinnar. Mismunatilskipun VEL í vinnslu.	VEL	X
c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð		Ath hvort að ættu að koma inni skapalón um stefnumótun frá FOR. Kafli um alþjóðlegar skuldbindingar í stjórnarfrumvörpum.		V
d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,		Huga að eftirliti með þeim sem sinna þjónustu við fatlað fólk og innlenda mannréttindastofnun Viðvarandi verkefni. Krefst ekki lagabreytinga.		V
e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun vegna fötlunar sem einstaklingur, stofnun eða einkafyrirtæki gerir sig sekt um		Ekki þörf á lagabreytingum.		V
f) að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á vörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu, sem fara saman við algilda hönnun skv. 2. gr. samnings þessa og breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérþörfum fatlaðs fólks, að gera gangskör að því að þau séu á boðstólum og notuð og að ýta undir algilda hönnun þegar móta á staðla og leiðbeiningar		Þarf að skoða, í samráði við staðlaráð og byggingastaðlaráð Íslands. Einnig rannsóknir á sviði fötlunarfræða, þroskaþjálfunar, geðheilbrigðis o.fl. Í aðgerðaráætlun. Lagabreytingar ekki nauðsynlegar.	VEL, ANR, MMR	V
g) að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og gera gangskör að því að hún sé á boðstólum og notuð, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni, hreyfibúnaður, tæki og hjálpargögn, sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,	Aðgengisstefnu	Stutt verði við rannsóknir og þróun máltækni með það að markmiði að íslensk tunga verði nothæf og almennt notuð í nútíma samskiptum þ.e. tölvum og símum. Markáætlun ríkisins um upplýsingatækni. Athuga sérstaklega tæki og búnað. Aðgerðaráætlun eftir fullgildingu	MMR, VEL, ANR, IRR	V

h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hreyfibúnað, tæki og hjálpargögn, þar með talið nýja tækni, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu,	Lög um sjúkratryggingar og meðf. reglugerðir	Ekki þörf á lagabreytingum	VEL	V
i) að auka hjálfun fagmanna og starfsmanna, sem vinna með fötluðu fólki, um þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrubæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.	Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011	Þarf að huga að í framvæmdaáætlun í kjölfar fullgildingar. Gæti fallið undir réttindavaktina sbr. 3 gr. laga um réttindagæslu. Einnig verkefni hagsmunasamtaka og innlestrar mannréttindastofnunar.	VEL, MMR	V
3. Aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að ákvæðanatöku um mállefni fatlaðs fólks, háfa háð samráð við og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með umfjöggu samráði samráðsmanna þeirra fyrir þessum hönd.	88/2011	Er að finna í handbók um undirbúning og frágang þarfnastekki lagabreytinga, samráð á að eiga við hagsmunaaðila við undirbúning lagasetningar. Athuga aðkomu að skipulagsmálum.	FOR, IRR	V
4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða reglur þjóðaréttar, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda. Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og mannfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirskinu að slík réttindi eða frelsi sé ekki viðurkennt eða viðurkennt í minna mæli samkvæmt samningi þessum.		Krefst ekki lagabreytingar		V
5. Ákvæði samnings þessa gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undanþága		Krefst ekki lagabreytingar		V

5. gr. Jafnrétti og bann við mismunun	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin viðurkenna að allir menn eru jafnir fyrir lögum og eiga rétt, án nokkurrar mismununar, á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt.	Stjórnarskrá	Krefst ekki lagabreytingar		V

<p>2. Aðildarríkin skulu leggja bann við hvers kyns mismunun vegna fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og nægilega réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum. .</p>	<p>180. og 235. gr. almennra hegningalaga (nr. 19/1940), 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda (nr.55/1980), 11. gr. stjórnsýslulaga (nr. 37/1993), 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga (nr. 74/1997).</p>	<p>Bæta við fötlun sem mismunaástæðu í tilgreindum ákvæðum.</p> <p>Nýlega búið að uppfæra lög um háskóla (nr.63/2006), sbr. 6. mgr. 19. gr. um sértæka þjónustu við nemendur. Nýlega búið að uppfæra fjölmiðlög.</p> <p>Frumvarp til laga um bann við mismunun á vinnumarkaði.</p> <p>Þarf ekki að breyta stjórnsýslulögum, rúmast innan gildandi ákvæða sem eru sambærileg þeim norrænu.</p>	<p>VEL, IRR, FOR, FJR</p>	<p>X</p>
<p>3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.</p>		<p>Krefst ekki lagabreytinga í sjálfu sér, er hluti af fullgildingarvinnunni</p>		<p>V</p>
<p>4. Eigi ber að líta á sértækar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum sammings þessa</p>		<p>Krefst ekki lagabreytinga í sjálfu sér, er hluti af fullgildingarvinnunni</p>		<p>V</p>

<p>6. gr. Fatlaðar konur</p>	<p>Varðar lög</p>	<p>Athugasemdir</p>	<p>Ábyrgð</p>	<p>V/X</p>
----------------------------------	-------------------	---------------------	---------------	------------

1. Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru þolendur fjölþættar mismununar og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra. .	Stjórnarskrá, Lmff, setja inn í lög um heilbrigðisþjónustu og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Athuga mismunartilskipun í frumvarpi.	Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi í nánnum samböndum – sérstök rannsókn um fatlaðar konur sem brotþola.  Þjálfa þarf starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu til að átta sig að einkennum þess að fatlaðar konur hafi orðið fyrir ofbeldi.  Vinna þarf að sérstökum forvörnum til að koma í veg fyrir að fatlaðar konur verði fyrir ofbeldi.  <a href="#">Þjálfun og fræðsla fagstétta viðvarandi verkefni.</a>	VEL	V
2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að konur fái notið sín til fulls, geti sótt fram og hafi fullan frumkvæðisrétt, í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og mannfrelsis sem sett eru fram í samningi þessum	Jafnréttislögin	Þafnast ekki lagabreytingar		V

<b>7. gr. Fötluað börn</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluað börn fái notið fullra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn.	Barnasáttmáli SP, barnalög og barnaverndarlög	Krefst ekki sérstakrar lagasetningar, athuga framkvæmd hjá sveitarfélögum	VEL, IRR	V
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluað börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.	Lmff, barnaverndarlög nr. 80/2002	Krefst ekki sérstakrar lagasetningar	VEL	V
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluaðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur, börn og veita þeim aðstoð, þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs, til þess að sá réttur megi verða að veruleika..	Barnaverndarlög nr. 80/2002, Barnasáttmáli SP og barnalög	Krefst ekki sérstakrar lagasetningar	VEL	V





8. gr. Vitundarvakning	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlaugar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir:		Huga að sérstaklega í samvinnu ráðuneyta og hagsmunasamtaka. Mikilvægur þáttur í framkvæmdaáætlun í framhaldi af fullgildingu. Samræmist hlutverki réttindavaktar velferðarráðuneytis. <i>Viðvarandi verkefni. Huga að í aðgerðaráætlun.</i>	IRR/VE L,MMR, FOR	V
a) til þess að vekja þjóðfélög til vitundar, m.a. fjölskylduna, um fatlað fólk og auka virðingu fyrir réttindum þess og meðfæddri göfgi,				
b) til þess að vinna á móti staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, m.a. þeim sem heimfæra má til kyns og aldurs, á öllum sviðum mannlífs,				
c) til þess að auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.				
i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks				
ii. að stuðla að jákvæðri ímynd fatlaðs fólks og efla vitund í samfélaginu um málefni þess,				
iii. að færni, verðleiki og geta fatlaðs fólks sé viðurkennd í ríkari mæli, ennfremur framlag þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins í heild,	Lög um opinber innkaup nr. 84/2007.	1.mgr. 18. gr. laga um opinber innkaup er svohljóðandi: “Heimilt er að takmarka rétt til þátttöku í útboði við verndaða vinnustaði eða miða samning við að framkvæmd hans fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði þar sem flestir starfsmenn eru fatlaðir þannig að þeir geta ekki sinnt starfi á venjulegum vinnumarkaði vegna starfsorkuskerðingar.”		
b) að ýta undir það sjónarmið, á öllum skólastigum, þ.m.t. hjá börnum frá unga aldri, að virða beri réttindi fatlaðs fólks,.	Aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskól a	Aðalnámskrá á að vera að fullu komin til framkvæmda 2015. Þ.m.t. áhersla á grunnþáttinn jafnrétti, lýðræði og mannréttindi á öllum skólastigum.	MMR	V
c) að hvetja alla fjölmiðla til þess að gefa mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samnings þessa,				

d) að hvetja til þess að gerðar séu áætlanir um fræðslu sem lýtur að vitundarvakningu um fatlað fólk og réttindi þess.				
--	--	--	--	--

9. gr. Aðgengi	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:	Lög um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslög nr. 123/2010, fjarskiptalög nr. 81/2003, lög um þjónustu- og þekkingarmiðs töð nr. 160/2008, siglingalög nr. 34/1985, lög um loftferðir nr. 60/1998, lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi, náttúruverndar lög(nr. 60/2013), reglugerð nr. 475/2008 um réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra einstaklinga	Byggingareglugerð frá 2012 tekur mið af samningnum og uppfyllir skilyrði hans, skipulagslög taka fram bæði í markmiðum laganna og einstökum ákvæðum að taka skuli mið að algildri hönnun, skoða sérlög t.d. 124. gr. siglingalaga þar sem ekki er minnst á flutning fatlaðs fólks, aðgengi eða öryggi, sama á við um lög um loftferðir, ákvæði um almenningsfarartæki, skoða fjarskiptaáætlanir og lög og hvort þau uppfylla skilyrði sáttmálsans, (sjá þó reglugerð nr. 1107/2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi og tilskipun 2003/24/EB um aðgengi fatlaðs fólks að skipum, tilskipun 2001/85/EB um almenningsvagna), náttúruverndarlög (nr. 60/2013) gera ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar hafi heimild til að aka utan vegar (útfært í lögum eða í reglugerð), fleiri ákvæði má finna í byggingareglugerð, mannvirkjareglugerð og skipulagsreglugerð.  Samgönguáætlun 2011-2022: Tryggt verði aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga að mannvirkjum og þjónustu samgöngukerfisins. Fjölbreyttar þarfir ólíkra þjóðfélags hópa til lífsgæða, ferðamáta og hreyfanleika verði hafðar í huga við stefnumótun og áætlanagerð.  31. gr. í náttúruverndarlaga (nr. 60/2013), tryggja aðgengi fatlaðs fólks að náttúrunni.  Hafa þarf í huga að ekki er nóg að einblína eingöngu á praktískt aðgengi því einnig þarf að skoða aðgengi með táknmáli og túlkum osfrv.	UAR/IRR /FJR	V

	sem ferðast með flugi og reglugerð nr. 423/2005 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingu, lög um opinber innkaup nr. 84/2007. lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, lög um bifreiðagjald, nr. 39/1988.	ATH: Fjarskiptaáætlun  1. mgr. 40. gr. laga um opinber innkaup er svohljóðandi: „Tækniforskriftir eins og þær eru nánar skilgreindar í 1. lið VI. viðauka tilskipunarinnar skulu koma fram í útboðsgögnum, svo sem útboðsauglýsingu, útboðsskilmálum eða fylgigögnum með þeim. Þar sem því verður við komið skal skilgreina þessar forskriftir þannig að tekið sé tillit til viðmiða um aðgengi fatlaðra eða miðað við hönnun fyrir hvers konar notendur.”  Sjá m-lið 1. tölul. 4. gr. laga nr. 29/1993 þar sem fram kemur að ökutæki undanþegin vörugjaldi skv. lögnum séu m.a. bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum eða fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Sjúkratryggingum Íslands.  Sjá einnig undanþágu frá gjaldskyldu skv. lögum um bifreiðagjald nr. 39/1988.		
a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þ.m.t. skólar, íbúðarhúsnaði, heilbrigðisþjónusta og vinnustaðir,	skipulagslög (nr. 123/2010) og skipulagsreglugerð, lög um mannvirki (nr. 160/2010) og byggingarreglugerð, lög um opinber innkaup nr. 84/2007.		UAR	V
b) upplýsinga- og samskiptaþjónusta og annarrar þjónusta, þ.m.t. rafræn þjónusta og neyðarþjónusta.	fjarskiptalög (nr. 81/2003), alþjónustukvöð, reglugerð	sjá sérstaklega 19. gr. í fjarskiptalögum og ákvörðun PFS um alþjónustu 32/2011. Sértek úrræði hjá Neyðarsímsvörum 112.  Innleiðing aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi: Haldin verði	IRR	V

	1356/2007 um alþjónustu á sviði fjarskipta, Aðgengisstefna fyrir opinbera vefi	námskeið fyrir vefstjóra opinberra vefja og þeim tryggður aðgangur að góðum leiðbeiningum (vefhandbók) og stuðningur við að endurbæta vefi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í stefnunni.		
2. Samningsaðilar skulu og gera viðeigandi ráðstafanir:				
a) til þess að þróa, útbreiða og fylgjast með því að lágmarkskröfur og leiðbeiningar um aðgengi að aðstöðu og þjónustu, sem almenningi er opin eða látin í té, séu uppfylltar,.	lög um mannvirki (nr. 160/2010) og byggingarregl ugerð		UAR	V
b) til þess að tryggja að einkafyrirtæki, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu, sem er almenningi opin eða látin í té, taki mið af aðgengi fyrir fatlað fólk frá öllum hliðum,.	skipulagslög (nr. 123/2010), lög um mannvirki (nr. 160/2010) og byggingarregl ugerð nr. 112/2012		UAR	V
c) til þess að bjóða fram fræðslu fyrir hagsmunaaðila um aðgengismál sem varða fatlað fólk.		<a href="#">Skoða í samstarfi ráðuneytanna í kjölfarið af fullgildingu</a>		V
d) til þess að setja upp í byggingum og annarri aðstöðu, sem er almenningi opin, skilti með blindraletri og í þeirri mynd að fatlaðir eigi auðvelt með að lesa og skilja það sem á þeim stendur,.	lög um þjónustu- og þekkingarmiðs töð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (nr. 160/2008), byggingarregl	Sjá kafla 6.6. í byggingarreglugerð, þar er kveðið á um punktaletur á byggingar og skilti sem uppfyllir ákvæði sáttmálans, einnig má finna önnur ákvæði í reglugerð sem eru ekki jafnafráttarlaus og þetta ákvæði. Mjög mikilvægt að einfalt og auðskilið mál gleymist ekki í þessu.	UAR	V

	ugerð (nr. 112/2012)			
e) til þess að láta í té ýmiss konar beina aðstoð og þjónustu milliliða, þ.m.t. fylgdarmanna, lesara og faglærðra táknmálstúlka, með það að markmiði að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem almenningi er opin,	Lmff, önnur lög eftir atvikum	Vinna varðandi túlkunarmál heyrnarlausra hafin undir forystu VEL. Huga að regluverki, hugsanlega setja ákvæði þessa efnis í lmff. Um aðgengismál er að ræða þannig að þetta er þvert á ráðuneyti. <b>Hvert ráðuneyti þarf að tryggja aðgengi í samræmi við málaflokka</b> , Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra heyrna undir MMR. Krefst ekki lagabreytinga.	VEL, IRR, MMR, UAR	V
f) til þess að stuðla að því að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,		Krefst ekki lagabreytinga		V
g) til þess að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, m.a. Netinu,	Aðgengisstefna fyrir opinbera vefi	Innleiðing aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi: Haldin verða námskeið fyrir vefstjóra opinberra vefja og þeim tryggður aðgangur að góðum leiðbeiningum (vefhandbók) og stuðningur við að endurbæta vefi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í stefnunni.	IRR	V
h) til þess að stuðla að hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi á frumstigi til þess að slík tækni og kerfi verði aðgengileg á sem lægstu verði.		<b>Átak í kjölfar fullgildingar</b>	IRR	V
<b>10. gr. Réttur til lífs</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Aðildarríkin áréttu að sérhver mannværa eigi meðfæddan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið þess á virkan hátt til jafns við aðra.	6. gr. barnasáttmáli SP og 2. gr. Mannréttindasáttmala Evrópu	Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V

11. gr. Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, þ.m.t. alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja að fatlað fólk njóti verndar og öryggis þegar hættuástand ríkir, að meðtöldum vopnuðum átökum, neyðarástandi sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamförum.	lög um almannavarnir (nr. 82/2008), lög um samræmda neyðarsímsvörun nr. 25/1995	Almannavarnir hafa upplýst um að rýmingaráætlanir taka mið af þörfum mismunandi hópa á hverju svæði, m.a. fatlaðs fólks.	IRR	V

12. gr. Réttarstaða til jafns við aðra	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk eigi rétt á því að vera viðurkennt hvar sem er sem aðilar að lögum.		Þarfnast ekki lagabreytinga		
2. Aðildarríkin viðurkenni að fatlað fólk skuli njóta gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum mannlífs.	lögræðislög (nr. 71/1997)	Skóða þarf hvort breyta þurfi lögræðislögum. Vinna hafin. Frumvarp væntanlegt vor 2015.	IRR	X
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk geti leitað eftir aðstoð sem það kann að þarfnast þegar það nýtir gerhæfi sitt.	lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (nr. 88/2011)	Lög um réttindagæslu. Huga að með tilliti til þess hvort persónulegir talsmenn geti veitt slíka aðstoð en þá þarf að ráðast í að bjóða hana fyrir fólk sem nú þegar hefur misst lögræði sitt.	VEL	V

<p>4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða beitingu gerhæfis, innihaldi viðeigandi og árangursríkar verndarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Fyrirnefndar verndarráðstafanir skulu tryggja að með ráðstöfunum, sem varða beitingu gerhæfis, séu réttindi, vilji og séróskir viðkomandi einstaklings virt, slíkar ráðstafanir leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, þær séu við hæfi og sniðnar að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í sem skemmstan tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru, sjálfstæðu og hlutlausu yfirvaldi eða stofnun á sviði dómsmála. Gæta ber meðalhöfs við gerð verndarráðstafana að því marki sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.</p>	<p>lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (nr. 88/2011)</p>	<p>Lög um réttindagæslu. Huga að með tilliti til þess hvort réttindagæslumenn og persónulegir talsmenn geti sinnt þessu að einhverju leyti.</p>	<p>VEL</p>	<p>V</p>
<p>5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, að stýra eigin fjármálum og hafa jafnan aðgang að bankalánum, veðlánnum og annars konar fjárhagslegum lánnum, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum að geðþótta.</p>		<p>Athuga lögræðislög. Ekki talið krefjast breytinga á lögum. Huga að verklagi til að tryggja samfellu milli lögræðislaga og réttindagæslulaga.</p>	<p>IRR, ANR</p>	<p>V</p>

<p><b>13. gr.</b> <b>Aðgangur að réttarkerfinu</b></p>	<p><b>Varðar lög</b></p>	<p><b>Athugasemdir</b></p>	<p><b>Ábyrgð</b></p>	<p><b>V/X</b></p>
<p>1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum. .</p>	<p>lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (nr. 88/2011), lög um meðferð einkamála (nr. 91/1991)</p>	<p>Ítarlegt samráð, málþing og úrvinnslufundir haldnir 2014-2015 í samvinnu IRR og landssamtakanna Þroskahjálpar með aðkomu minningarsjóðs Jóhanns Guðmundssonar. Niðurstaðan sú að ekki þurfi að ráðast í lagabreytingar, en ríkissaksóknari hefur hafið undirbúning verklagsreglna um rannsókn mála sem varða fatlaðan einstakling.</p>	<p>IRR</p>	<p>V</p>
<p>2. Í því skyni að greiða fyrir því að tryggja megi fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu skulu aðildarríkin stuðla að viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir þá sem starfa á sviði réttarvörslu, meðal annars lögreglumenn og starfsmenn fangelsa</p>		<p><a href="#">Verkefni sem ráðast þarf í í kjölfar fullgildingu samningsins.</a></p>	<p>IRR</p>	

<b>14. gr. Frelsi og mannhelgi</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk:	lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (nr. 88/2011)			
a) njóti, til jafns við aðra, réttar til frelsis og mannhelgi,		Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögumætum hætti eða að geðþótta og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.	Lögræðislög nr. 71/1997	5. kafli réttindagæslulaganna fjallar um lögmæta nauðung, þarf að samræma hann 3. kafla lögræðisлага varðandi nauðungarvistanir. Vinna hafin.	IRR	X
2. Sé fatlað fólk svipt frelsi með einhverjum hætti skulu aðildarríkin ábyrgjast að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og það hljóti meðferð sem samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.		Athuga aðlögun þegar fatlað fólk er dæmt í fangelsi. Til skoðunar í tengslum við breytingar á lögræðislögum. Endurskoðað fyrirkomulag varðandi aðkomu ráðgjafa fyrir nauðungarvistaða.	IRR	X

<b>15. gr. Frelsi frá því að sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Enginn skal sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu. Einkum og sér í lagi er óheimilt að gera læknisfræði- eða vísindatilraunir á nokkrum einstaklingi án samþykkis hans.		Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V



<p>2. Aðildarríkin skulu gera allar árangursríkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýslu og innan réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að koma í veg fyrir að fatlað fólk, jafnt og aðrir, sæti pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu.</p>	<p>Réttindagæslulög og reglugerð um undanþágunefnd um bann við beitingu nauðungar gagnvart fötluðum einstaklingi</p>	<p>Ekki þörf á lagabreyting</p>	<p>VEL</p>	<p>V</p>
---	--	---------------------------------	------------	----------

<p><b>16. gr.</b> <b>Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum</b></p>	<p><b>Varðar lög</b></p>	<p><b>Athugasemdir</b></p>	<p><b>Ábyrgð</b></p>	<p><b>V/X</b></p>
<p>1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, m.a. með hliðsjón af kynbundnum þáttum slíkra athafna. .</p>	<p>Skoða þarf mismununarás tæður ýmissa laga</p>	<p>Sjá t.d. 180. og 235. gr. almennra hegningalaga (nr. 19/1940), 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda (nr.55/1980), 11. gr. stjórnýslulaga (nr. 37/1993), 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga (nr. 74/1997).</p>	<p>IRR</p>	<p>V</p>
<p>2. Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er, meðal annars með því að tryggja fötluðu fólk og fjölskyldum þess, ásamt þeim sem annast það, viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, m.a. með því að veita upplýsingar og fræðslu um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að félagsþjónusta taki mið af kyni, aldri og fötlun.</p>			<p>IRR</p>	<p>V</p>
<p>3. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er skulu aðildarríkin tryggja að óháð yfirvöld hafi virkt eftirlit með allri aðstöðu og áætlunum sem er ætlað að þjóna fötluðu fólk.</p>		<p>Eftirlit í og með velferðarþjónustu.</p>	<p>VEL</p>	<p>V</p>

4. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að líkamlegum, vitsmunalegum og sálrænum bata, endurhæfingu og félagslegri endursamlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram félagsþjónustu. Slíkur bati og endursamlögun skal fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, göfgi og sjálfrði einstaklinganna, þar sem tillit er tekið til sérþarfa þeirra miðað við kyn og aldur.			VEL og IRR	V
5. Aðildarríkin skulu taka upp skilvirka löggjöf og stefnu, þ.m.t. löggjöf og stefna sem tekur mið af þörfum kvenna og barna, til þess að unnt sé að staðreyna misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar, sem beinast gegn fötluðu fólki, og ákæra vegna slíkrar háttsemi ef það á við			VEL og IRR	V

<b>17. gr. Verndun friðhelgi einstaklingsins</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Sérhver fatlaður einstaklingur á rétt á því, til jafns við aðra, að líkamleg og andleg friðhelgi hans sé virt.	Stjórnarskrá og lög um réttindagæslu	Ekki þörf á lagabreytingum	VEL	V

<b>18. gr. Umferðarfrelsi og ríkisfang</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Aðildarríkin skulu viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til umferðafrelsis og frelsis til að velja sér búsetu og ríkisfang, m.a. með því að ábyrgjast að fatlað fólk:	Lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt	Ekki þörf á lagabreytingum	IRR	V
a) hafi rétt til að öðlast ríkisfang og breyta því og sé ekki svipt ríkisfangi sínu að geðþótta eða vegna fötlunar,	Lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt	Ekki þörf á lagabreytingum	IRR	V
b) sé ekki, vegna fötlunar, svipt hæfi sínu til að fá, hafa umráð yfir og nýta sér skjöl um ríkisfang sitt eða önnur auðkenningarskjöl eða til að hagnýta viðeigandi verklag, t.d. málsmeðferð vegna innflutnings fólks, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að gera því auðveldar um vik að nýta sér réttinn til umferðafrelsis,	Lög um vegabréf og reglugerð með þeim	Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V

c) hafi frelsi til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið	Lög um vegabréf og reglugerð með þeim	Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
d) sé ekki, að geðþótta eða vegna fötlunar, svipt réttinum til að koma til síns eigin lands.	Lög um vegabréf og reglugerð með þeim	Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
2. Fötluð börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og eiga frá fæðingu rétt til nafngiftar, rétt til þess að öðlast ríkisfang og, eftir því sem unnt er, rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.	Lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt, lög um mannanöfn, barnalög (nr. 76/2003) og barnaverndarlög (nr. 80/2002), Lögfesta Barnasáttmáli SP.	Setja inn ákvæði um rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra	IRR	V

<b>19. gr.</b> <b>Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt þess til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi njóta þessa réttar til fulls og stuðla að fullri þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:	Lmff, þingsályktun um málefni fatlaðs fólks, önnur lög eftir atvikum	tryggja val um sjálfstæða búsetu og viðeigandi þjónustu, tryggja rétt til persónulegrar aðstoðar, táknmálstúlkunar og að viðeigandi aðlögun standi til boða, skoða bifreiðastyrki.	VEL, MMR	X
a) fötluðu fólki tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir,	Lmff., Reglugerð nr. 1054/2012 um húsnæði	Reglugerðin gerir ráð fyrir þessari skipan mála, sjá einnig NPA verkefni hjá VEL	VEL	V
b) fötluðu fólki aðgang að margs konar samfélagsaðstoð, á borð við heimaþjónustu, vist á dvalarheimili og annars konar aðstoð, m.a. nauðsynlegri þjónustu til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þess og aðskilnað frá samfélaginu,	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lmff.		VEL	V
c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og svari þörfum þess.		Ekki talið krefjast lagabreytinga.	VEL, IRR	V

<b>20. gr.</b> <b>Ferlimál einstaklinga</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því:	lmff		VEL	V
a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi,	lmff	Huga að samræmingu milli landsvæða og lögfestingu nánari ákvæða um að ferðaþjónusta sem í boði er taki meira mið af þörfum einstaklingsins og því sem eðlilegt má teljast.	VEL	V
b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að hreyfibúnaði, tækjum, hjálpargögnum og beinni aðstoð og þjónustu milliliða í háum gæðaflokki, meðal annars með því að hafa þau á boðstólum á viðráðanlegu verði,	lög um sjúkratryggingar	Ekki þörf á lagabreytingu	VEL	V

c) að bjóða fram fræðslu og þjálfun í hreyfifærni fyrir fatlað fólk og sérhæft starfslið sem vinnur með fötluðu fólk		Verkefni ráðuneyta í kjölfar fullgildingar, aðgerðaráætlun.		V
d) að hvetja fyrirtæki, sem framleiða hreyfibúnað, tæki og hjálpargögn, til þess að taka mið af öllum þáttum ferlimála fatlaðs fólks..		Vitundavakning: Verkefni ráðuneyta í kjölfar fullgildingar, aðgerðaráætlun.		V

21. gr. Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, m.a. með því:				
a) að láta fötluðu fólk í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem hæfir einstaklingum sem eiga við mismunandi fötlun að stríða, tímanlega og án aukakostnaðar,	Fjarskiptapakinn. Aðgengisstefna fyrir opinbera vefi	Ath nýja fjarskiptapakinn, sambærilegt ákvæði sem þarf að taka inn í fjarskiptalög með pakkanum. Innleiðing aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi. Þarf líka að taka mið af þörfum fólks með þroskahömlun, sbr. efni á auðskildu máli.	IRR	V
b) að viðurkenna og stuðla að notkun táknmáls, blindraleturs, bættra og óhefðbundinna samskipta og samskiptaleiða, -aðferða og -forms, að eigin vali fatlaðs fólks þegar opinber samskipti fara fram	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011, Reglugerð nr. 585/010 um nemendur með sérþarfir í grunnskólum og reglugerð nr. 230/2012	Ekki þörf á neinum lagabreytingum	MMR	V

	um nemendur með sérþarfir í framhaldsskól um. Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 um kennslu í íslensku táknmáli.			
c) að hvetja einkafyrirtæki, sem þjónusta almenning, m.a. gegnum Netið, til þess að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,		Vitundavakning: Verkefni ráðuneyta í kjölfar fullgildingar	IIRR	V
d) að hvetja fjölmiðla, meðal annars upplýsingaveitur á Netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki, ,	Fjölmiðlalög	Vitundavakning: Verkefni ráðuneyta í kjölfar fullgildingar	MMR	V
e) að viðurkenna notkun táknmáls og stuðla að notkun þess.	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011	Ekki þörf á neinum lagabreytingum	MMR	V

22. gr. Virðing fyrir einkalífi	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Enginn fatlaður einstaklingur skal, án tillits til búsetustaðar eða búsetuforms, sæta því að einkalíf hans, fjölskyldulíf, heimilislíf eða bréfaskipti eða samskipti af öðru tagi séu truflað að gedþótta eða með ólögætum hætti eða að vegið sé að æru hans eða orðstír með óréttmætum hætti. Fatlað fólk á rétt á því að löginn verndi það gegn fyrrnefndri truflun eða árásum.	4. og 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000)	Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
2. Aðildarríkin skulu tryggja að farið sé með upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu fatlaðs fólks sem trúnaðarmál á sama hátt og gildir um aðra.	Lmff	Ekki þörf á lagabreytingu	VEL	V

23. gr. Virðing fyrir heimili og fjölskyldu	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um aðra, til þess að tryggja megi:	Imff	Efni þessarar greinar þarf að koma fram í Imff., átak Lýðheilsustöðvar um átak í kynfræðslu fatlaðs fólks,	VEL	X
a) að réttur alls fatlaðs fólks, sem til þess hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsu og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur	Hjúskaparlög, lög nr. 16/1938 sem heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir að auka kyn sitt (afnumið), lög um tæknifrjóvgun, lög um ættleiðingar (nr. 130/1990)	Hjúskapur V Kanna hvort auka þurfi möguleika fatlaðs fólks til tæknifrjóvgunar og ættleiðinga á börnum, sjá 9. gr. rgl. 238/2005.	VEL IRR	X
b) að réttur fatlaðs fólks til óheftrar og ábyrgrar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli	lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, fóstureyðingar og ófrjósemisaðg erðir (nr. 25/1975)	tryggja jafnan rétt fólks til að fá ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir	VEL	X
c) að fatlað fólk, þ.m.t. börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við aðra	lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf,	VEL þarf að huga að eftirfarandi ákvæðum: 9. gr., 2. ml. 13. gr., 4. ml. 18. gr. og 22. gr. sem að orka tvímælis. Lög nr. 16/1938 sem heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir að auka kyn sitt hafa verið afnumin.	VEL	X

	fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (nr. 25/1975)			
2. Aðildarríkin skulu tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks með tilliti til lögráða, forráða, fjárhalds eða ættleiðingar barna eða svipaðrar íhlutunar, þar sem þessi hugtök eru til í landslögum, og skal setja hagsmuni barnsins ofar öllu. Aðildarríkin skulu veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppalendur barna.	lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (nr. 25/1975)	VEL þarf að skoða mat hvenær ófrjósemisaðgerð er heimil þá skal taka mið af getu foreldra miðað við að þeir fái allan þann félagslega stuðning sem þeir kunna að þurfa á að halda og sá stuðningur sé alltaf til staðar,	VEL	X
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríkin skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.	barnarverndarlög (nr. 80/2002)	tryggja rétt fatlaðra barna til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra, d-liður 29. gr. þarf að meta getu fatlaðra foreldra með hliðsjón af þeim félagslega stuðningi sem þeir eiga rétt á að fá, barn skuli aldrei tekið frá foreldrum sínum sakir fötlunar barnsins eða foreldris.	VEL	V
4. Aðildarríkin skulu tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema lögbær yfirvöld ákveði, með fyrirvara um endurskoðun dómsvalds og í samræmi við gildandi lög og málsmeðferð, að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum vegna fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.	barnarverndarlög (nr. 80/2002)	Geta fatlaðra foreldra skuli metin með hliðsjón af þeim félagslega stuðningi sem þeir eiga rétt á að fá.	VEL	X
5. Aðildarríkin skulu reyna til þrautar, ef kjarnafjölskylda er ófær um að annast fatlað barn, að fá annan aðila innan stórfjölskyldunnar til þess að annast barnið og reynist það ekki unnt þá ráðstafa því til fjölskyldu innan samfélagsins.	lmff	huga að því að setja inn ákvæði um heimili fyrir fötluð börn í 5. mgr. 10. gr. lmff Mikilvægt að endurskoðunar þjónustuúrræðu fyrir fötluð börn. Skoða þarf sérstaklega 21.- 23. gr.lmff.	VEL	X



24. gr. Menntun	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og símenntun sem miða að því:	t.d. lög um leikskóla (nr. 90/2008), lög um grunnskóla (nr. 91/2008), lög um framhaldsskól a (nr. 92/2008), lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, lög um háskóla með síðari breytingum nr. 63/2006.	Ekki þörf á lagabreytingum til að tryggja fötluðu fólki menntun á skólastigum. Hins vegar er ekki kveðið á um menntakerfi án aðgreiningar í lögum um framhaldsfræðslu og um háskóla. Athuga aðgengi að skólabyggingum m.t.t. MMR og UAR.	MMR	V
a) að auka mannlega getu til fulls og tilfinningu fyrir meðfæddri göfgi og eigin verðleikum og auka virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni, aðgreiningar. fatlað fólk.	Aðalnámskrár	Almennir hlutar aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla tóku gildi 2011 og greinasvið grunnskóla 2013.	MMR	V
b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,	Aðalnámskrár		MMR	V
c) að gera fötluðu fólki kleift að vera virkir þátttakendur í frjálsu þjóðfélagi.	Aðalnámskrár		MMR	V
2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:			MMR	
a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá hinu almenna menntakerfi vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi, eða námi á	Lög um öll skólastig.	Öll börn eiga rétt á gjaldfrjálsu námi á skyldunámsstigi en í lögum og reglugerðum er val um sérúrræði og sérskóla útfært nánar. Sérskólar eru ekki starfandi á öðrum	MMR	V

framhaldsskólastigi, vegna fötlunar,		skólastigum. Ekki þörf á lagabreytingum.		
b) að fatlað fólk hafi aðgang að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, til jafns við aðra í þeim samfélögum þar sem það býr,	Lög um grunn- og framhaldsskóla	Ekki þörf á lagabreytingu	MMR	V
c) að viðkomandi einstaklingur njóti viðeigandi aðlögunar til þess að þörfum hans sé mætt	Reglugerðir um nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum.		MMR	V
d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning, innan hins almenna menntakerfis, til þess að stuðla að haldgóðri menntun þess,	Reglugerðir um nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2012.		MMR	V
e) að árangursríkar, einstaklingsbundnar stuðningsaðgerðir séu boðnar fram í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslega þróun sem aftur samræmist því markmiði að fatlað fólk geti lifað í samfélaginu án nokkurrar aðgreiningar.	Reglugerðir um nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum og reglugerð um sérfræðiþjónus	Viðvarandi verkefni.	MMR	V

	tu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendavernd arráð í grunnskólum nr. 584/2012.			
3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:			MMR	
a) auðvelda fötluðu fólki að læra blindraletur, óhefðbundna skrift, bættar og óhefðbundnar samskiptaáðferðir, -leiðir og -form og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjaaðstoð og handleiðslu,	Lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga nr. 160/2008	Kveðið er á um flesta þessa þætti í reglugerðum fyrir grunn- og framhaldsskóla. Huga þarf að jafningjaaðstoð og handleiðslu í kjölfar fullgildingar	MMR	V
b) auðvelda fötluðu fólki að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls,	Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990. Lög um íslensku og íslenskt táknmál.	Kveðið er um þetta í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla.	MMR	V
c) tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir, heyrnarlausir eða daufblindir, fari fram á þeim tungumálum og samkvæmt og eftir þeim aðferðum og leiðum sem henta viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslegan þroska.	Sjá a- og b- lið hér fyrir ofan.		MMR	V

<p>4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þ.m.t. fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í táknaði og/eða blindralettri, og að þjálfaragmenn og starfsmenn sem starfa á öllum sviðum menntakerfisins. Fyrrnefnd þjálfun skal meðal annars fela í sér vitund um fötlun og notkun bættra og óhefðbundinna aðferða, leiða og forma í samskiptum, auk kennslutækni og kennsluefnis sem er ætlað að styðja fatlað fólk.</p>	<p>Lög um mentun og ráðningu kennara nr. 87/2008 og reglugerð um inntak menntunar leik- grun- og framhaldsskólakennara nr. 872/2009</p>	<p>Samkvæmt lögum þarf nám á meistarastigi til að fá kennsluréttindi í leik- grunn- og framhaldsskólum. Í kennaramenntun fá allir nemendur í grunnnámi kynningu á málefnum fatlaðra og hægt er að sérhæfa sig í kennslu nemenda með sérþarfir og kennaramenntunarstofnanir eru að endurskoða inntak námsins. Hins vegar eru ekki sérstök ákvæði í lögum og reglugerðum um kennaramenntun sem taka til þessarar greinar samningsins. <a href="#">Í kjölfar fullgildingar þarf að huga að kennaramenntun og símenntun kennara með hliðsjón af þessari grein. Einnig þarf að huga að grunnmenntun og símenntun annarra fagstétta sem koma að skólalastarfi.</a></p>	<p>MMR</p>	<p>V</p>
<p>5. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.</p>	<p>lög um lánasjóð íslenskra námsmanna (nr. 21/1992), lög um háskóla (nr. 63/2006), með síðari breytingum.</p>	<p>12. gr. gerir ráð fyrir heimild til að veita aukalán vegna örorku eða annarra ástæðna en ákvæðið er óljóst, tryggja að fatlaðir nemendur njóti jafnréttis til náms á við ófatlaða mtt. fötlunar þeirra. Samkvæmt breytingum á lögum um háskóla frá 2011 skulu háskólar veita fötluðum nemendum, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Háskólar skulu jafnframt leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.</p>	<p>MMR</p>	<p>V</p>

<p><b>25. gr. Heilsa</b></p>	<p><b>Varðar lög</b></p>	<p><b>Athugasemdir</b></p>	<p><b>Ábyrgð</b></p>	<p><b>V/X</b></p>
<p>Aðildarríkin viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta góðrar heilsu að hæsta marki sem unnt er án mismununar vegna fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af kyni, m.a. heilsutengdri endurhæfingu. Aðildarríkin skulu einkum:</p>	<p>lög um réttindi sjúklunga nr. 74/1997</p>			
<p>a) sjá fötluðu fólki fyrir heilsugæslu og heilbrigðisáætlunum, sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir aðra einstaklinga, m.a. með tilliti til kynlífs- og frjósemisheilbrigðis og að því er varðar</p>		<p>Ekki þörf á lagabreytingu</p>	<p>VEL</p>	<p>V</p>

<p>samfélagsáætlanir á sviði lýðheilsu,</p>				
<p>b) bjóða fram þá heilbrigðisþjónustu sem fatlað fólk þarfnast, einkum vegna fötlunar sinnar, m.a. að fötlun sé uppgötvuð snemma og að gripið sé inn í málið snemma, eftir því sem við á, og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og framast er kostur og koma í veg fyrir frekari fötlun, m.a. meðal barna og eldri einstaklinga,</p>		Ekki þörf á lagabreytingu	VEL	V
<p>c) bjóða fram fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eins nálægt samfélögum fólks og frekast er unnt, þ.m.t. til sveita,</p>		Krefst ekki lagabreytinga.	VEL	V
<p>d) gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist fatlað fólk eins vel og aðra, m.a. á grundvelli frjáls og upplýsts samþykkis, með því, auk annars, að auka vitund um mannréttindi, meðfædda göfgi, sjálfræði og þarfir fatlaðs fólks með þjálfun fyrir starfsmenn, bæði innan einkarekinnar og opinberrar heilsugæslu, og með útbreiðslu siðferðislegra viðmiðana meðal þeirra,</p>		Samþætt í gildandi löggjöf.	VEL	V
<p>e) leggja bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki að því er varðar sjúkratryggingar og líftryggingar, þar sem slíkar tryggingar, sem skulu boðnar fram á sanngjarnan og réttmætan hátt, eru heimilar samkvæmt landslögum.</p>	<p>lög um sjúklinga-tryggingar (nr. 111/2000), lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997</p>	<p>VEL telur að lögin komi í veg fyrir mismunun, en skoða má hvort, bæta eigi inn „á grundvelli fötlunar“ við upptalningu 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga</p>	VEL	X
<p>f) koma í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu eða um mat og drykk þannig að um mismunun vegna fötlunar sé að ræða.</p>		Ekki þörf á lagabreytingu	VEL	V

26. gr. Hæfing og endurhæfing	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
<p>1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir, m.a. annars með tilstyrk jafningjaaðstoðar, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast sem mest sjálfstæði, fulla líkamlega, andlega og félagslega getu, ásamt starfsgetu, og að vera þátttakendur í lífinu á öllum sviðum án aðgreiningar, ásamt því að viðhalda þessum gæðum. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin skipuleggja, efla og útvíkka þjónustu og áætlanagerð á sviði alhliða hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að fyrrnefnd þjónusta og áætlanir:</p>	<p>lög um greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (nr. 83/2003), mismununartil skipun frumvarp VEL</p>	<p>2. mgr. 4. gr. og 8. gr., þjónusta og eftirfylgni takmarkast við 18 ára aldur. Þörf á að tryggja fullorðnu fötluðu fólki aðgang að sömu þjónustu, bæði hvað varðar líkamlega getu og starfsgetu.  Skoða samstarf með VIRK.</p>	VEL	X

	tekur til vinnumarkaðsins			
a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrk hvers einstaklings um sig,	lög um greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (nr. 83/2003), Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða (nr. 60/2012)	Sjá skýrslu forsætisráðuneytisins um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar, 5. mars 2007. Krefst ekki lagabreytingar.	VEL	V
b) stuðli að þátttöku í samfélaginu og þjóðfélaginu á öllum sviðum án aðgreiningar, séu valfrjálssar og standi fötluðu fólki til boða sem næst samfélögum þess, einnig til sveita.		Ekki þörf á lagabreytingu. <a href="#">Huga að í framkvæmd.</a>	VEL	V
2. Aðildarríkin skulu stuðla að vexti og viðgangi grunnþjálfunar og stöðugrar þjálfunar fagmanna og starfsmanna sem vinna við hæfingu og endurhæfingu.		Ekki þörf á lagabreytingu	VEL	V
3. Aðildarríkin skulu gera gangskör að því að hjálpartæki og -gögn, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk, séu á boðstólum, þekking á þeim sé til staðar og að þau séu notuð í þágu hæfingar og endurhæfingar.		Skoða sjónarmið HH um leiðsögu- og hjálparhunda, vegabréf fyrir hunda ofl.	VEL	X

27. gr. Vinna og starf	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálssan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, m.a. fyrir þá sem verða fatlaðir meðan þeir gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, til að mynda með lagasetningu, til þess meðal annars:	Frumvarp VEL um jafna meðferð á vinnumarkaði (tilbúið í haust)	Setja ákvæði þessa efnis í sérlög, athuga tilskipun nr. 2000/78/EB, flytja vinnumál fatlaðs fólks til Vinnumálastofnunar, samtvinna læknisfræðilega endurhæfingu og starfsendurhæfingu, átak í að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk, vinna að áætlun með Vinnumálastofnun. Taka ákvörðun um framtíðarskipan atvinnumála.	VEL	X

a) að leggja bann við mismunun vegna fötlunar að því er varðar öll mál sem tengjast störfum af hvaða tagi sem er, m.a. nýskráningar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,		tryggja að hjálpartæki séu í boði án endurgjalds eða gegn vægu gjaldi, kanna launamun fatlaðs og ófatlaðs fólks,	VEL	V
b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annarra, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, m.a. jafnra tækifæra og launajafnréttis, öryggis og hollustu á vinnustað, þ.m.t. vernd gegn stöðugri áreitni, og til þess að fá úrlausn kvörtunarmála,		Skv. frumvarpi er hægt að kæra til Jafnréttisstofu eða kærunefndar jafnréttismála	VEL	V
c) að tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að nýta sér atvinnuréttindi sín og réttindi sem meðlimir stéttarféлага til jafns við aðra,	Frumvarp VEL um jafna meðferð á vinnumarkaði		VEL	V
d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa með virkum hætti aðgang að tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfsþjálfun og símenntun sem almenningi stendur til boða,	Frumvarp VEL um jafna meðferð á vinnumarkaði		VEL	V
e) að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna starf, fá það, halda því og fara aftur inn á vinnumarkað,	Frumvarp VEL um jafna meðferð á vinnumarkaði		VEL	V
f) að stuðla að tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki,		<a href="#">Aðgerðaráætlun í framhaldi af fullgildingunni.</a>	ANR	V
g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans	Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.  Lög um opinber innkaup nr. 84/2007.	Í 6. gr. er fjallað um almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf sem stjórnvald veitir. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að konur og karlar skuli hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf.  1. mgr. 18. gr. laga um opinber innkaup er svohljóðandi: “Heimilt er að takmarka rétt til þátttöku í útboði við verndaða vinnustaði eða miða samning við að framkvæmd hans fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði þar sem flestir starfsmenn eru fatlaðir þannig að þeir geta ekki sinnt starfi á venjulegum vinnumarkaði vegna starfsorkuskerðingar.”	FJR	V
h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með því að marka stefnu við hæfi og gera viðeigandi ráðstafanir sem kunna að felast í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum,	Frumvarp VEL	t.d. mælt fyrir um sértækar aðgerðir	VEL	V

i) að tryggja að fatlað fólk á vinnustað fái notið viðeigandi aðlögunar,	Frumvarp VEL	t.d. „reasonable accomodation“	VEL	V
j) að stuðla að því að fatlað fólk geti aflað sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,		Sama	VEL	V
k) að stuðla að starfstengdri og faglegri endurhæfingu fatlaðs fólks, að því að það haldi störfum sínum og að framgangi áætlana um að það geti snúið aftur til starfa.		Sama, skoða líka VIRK	VEL	V
2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.		Ekki þörf á lagasetningu	VEL	V

28. gr. Viðunandi líf skjör og félagsleg vernd	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi líf skjara því til handa, m.a. viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi líf skjilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar	öllum viðeigandi lög varðandi húsnæði og aðbúnað  Sjá einnig lög um tekjuskatt, nr. 90/2003.	Lög ásamt reglugerð taka tillit til viðunandi líf skjara fatlaðs fólks.  Í 65. gr. kemur m.a. fram að ríkisskattstjóri skuli taka til afgreiðslu umsókn manns um lækun tekjuskattsstofns ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega og einnig ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnnum sjúkdómum eða er fatlað ..og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.	VEL	V
2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar vegna fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, m.a. ráðstafanir:				
a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan rétt til aðgangs að hreinu vatni og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, tækjabúnaði og annarri aðstoð gegn viðráðanlegu gjaldi vegna þarfa sem tengjast fötlun,	Sjúkratrygging alög	Ekki þörf á lagabreytingu	VEL	V
b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, rétt til þátttöku í áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,		Tekið til skoðunar hjá VEL við fullgildingu samningsins að hafa þessa hópa með í stefnumótun. Mikilvægt að taka fram sérstakar þarfir fatlaðra kvenna, barna og eldri borgara t.a. vinna gegn fjölþættri mismunun. <a href="#">Aðgerðaráætlun.</a>	VEL	V



c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, þ.m.t. útgjöld vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, aðstoðar í fjármálum og hvíldarumönnunar,	lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991)	Réttur til að fá bættan kostnað vegna fötlunar, skilja þarf á milli mats á þörf einstaklings fyrir stoðþjónustu og getu hans til að afla tekna, sbr. skýrsla forsætisráðuneytisins,	VEL	V
d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að áætlunum um byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera,		Huga að í kjölfar innleiðingar sáttmálans.	UAR/IR R/MMR/ FOR	V
e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að eftirlaunum og eftirlaunasjóðum.	lög um eftirlaun fyrir aldraða (nr. 113/1994), lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.	tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að eftirlaunum, samkvæmt 4. mgr. 1. gr. er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.	VEL	V

<b>29. gr. Þátttaka í stjórnámálum og opinberu lífi</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum stjórnámálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:	lög um kosningar til sveitarstjórna (nr. 5/1998), lög um kosningar til Alþingis (nr. 24/2000)	Skilyrði uppfyllt með kosningalögum sem var breytt með lögum nr. 111/2012	IRR	V
a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnámálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsum vali, þ.m.t. réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, meðal annars með því:		Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,		Athugasemdir hafa komið fram um að nýleg breyting á kosningalögum nái aðeins yfir tiltekna hópa fatlaðs fólks. Skoða nánar.	IRR	V

ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án þvingana með hótunum og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnarsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,		Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
iii. að fatlað fólk geti látið vilja sinn óþvingað í ljós sem kjósendur og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði,		Ekki þörf á lagabreytingu	IRR	V
b) vinna ötullega að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, meðal annars:		Athuga í tengslum við vitundarvakningarátak í framkvæmdaáætlun í framhaldi af fullgildingunni. Viðvarandi viðgangsefni.		V
i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmalalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmalaflokka,				V
ii. því að mynda og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til þess að rödd þess heyrast á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.				V

<b>30. gr. Þátttaka í menningarlífi, tómsunda-, frístunda-, og íþróttastarfi</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt, til jafns við aðra, í menningarlífi og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:		Lög á sviði menningarmála miða að aðgengi alls almennings og byggja á því viðhorfi að þarfir fatlaðs fólks sé tryggt innan þess ramma. Ný menningarstefna frá 2013 tekur mið af því. Sérlausnir sem lúta að þörfum eintakra hópa fatlaðs fólks er hægt að mæta með ákvæðum í reglugerð.	MMR/ VEL	V
a) hafi aðgang að menningarefni í aðgengilegri framsetningu,	lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannapágu (nr.23/2013), fjölmiðlalög og útvarpslög (nr. 53/2001), Bókasafnslög	Samkvæmt nýjum lögum um ríkisútvarpið skal það veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlajónustu í almannapágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarp, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðun er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma. Einnig eru í lögnum ákvæði um fleiri hópa fatlaðs fólks.  Í 6. gr. bókasafnslaga eru ákvæði um aðgengi almennings að	MMR	V

	nr. 150/2012, Safnalög nr. 141/2011, Lög um Landsbókasafn nr. 142/2011, Lög um menningarminjar nr. 80/2012, Lög um Þjóðminjasafn nr. 140/2011	fjölbreyttu safnaefni og upplýsingum á mismunandi formi og jöfnu aðgengi að menningu og þekkingu. Í safnalögum er fjallað um skilyrði viðurkenningar safna og í 10. gr. eru ákvæði um aðgengi almennings að söfnum o.fl.  Í lögum um Landsbókasafns eru ákvæðu um að safnið sé rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn og aðgengi að upplýsingalindum á hvaða formi sem er.  Í lögum um Þjóðminjasafn er ákvæði um að safnið miðli þekkingu til almennings.  Ath. táknaáskilun á öðru menningarefni.		
b) hafi aðgang að sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum athöfnum á sviði menningar, í aðgengilegri framsetningu,	Sama og a-liður	Sama og a-liður	MMR	V
c) hafi aðgang að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðamannastöðum og hafi, eftir því sem við verður komið, aðgang að minnisvörðum og stöðum sem eru mikilvægir í þjóðmenningarlegu tilliti.	Mannvirkjalög og byggingarreglugerð.	Þingsályktun um menningarstefnu var samþykkt á Alþingi í mars 2013 þar sem m.a. er kveðið á um bætt aðgengi allra að menningarstarfsemi.	UAR og MMR	V
2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þroska og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu heldur einnig í því skyni að auðga mannlíf í eigin samfélögum.		<a href="#">Átak í kjölfar fullgildingar.</a>	MMR	V
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, samkvæmt reglum þjóðaréttar, til þess að tryggja að í lögum, sem vernda hugverkarétt, séu ekki ákvæði sem koma á ósanngjarnan hátt, eða með einhverjum þeim hætti sem hefur mismunun í för með sér, í veg fyrir að fatlað fólk hafi aðgang að menningarefni.	Höfundalög nr. 73/1973	Í höfundalögum má finna sérstök ákvæði sem taka tillit til fatlaðra einstaklinga sbr. 19. Gr. Unnið er endurskoðun höfundalaga á vegum MMR.	MMR	V
4. Fatlað fólk skal eiga rétt á, til jafns við aðra, að sérstök menningarleg samsemd þess og samsemd með tilliti til tungumáls sé viðurkennd og njóti stuðnings, þ.m.t. táknaáskil og menning heyrnarlausra.	Lög um íslenska tungu og íslenskt táknaáskil	Ekki þörf á lagabreytingu	MMR	V
5. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við aðra þátt í tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi:	Lög um náttúruvernd (nr. 60/2013), íþróttalög nr. 64/1998 og	Aðgengismál, tryggja aðgengi að náttúru og útisvæði.  Í íþróttalögum og æskulýðslögum eru ákvæði um að allir hafi jafnt aðgengi að íþrótt- og tómsundastarfi. Ekki er þörf á því að breyta þessum lögum. Nýleg stefnumótun í	UAR MMR	V

	æskulýðslög nr. 70/2007.	Íþróttamálum nær til allra hópa í samfélaginu, þ.m.t. fatlaðs fólks.		
a) til þess að hvetja til og stuðla að þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í algengu íþróttastarfi á öllum stigum,		Ekki þörf á lagabreytingu.	MMR	V
b) til þess að tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fatlað fólk og örva, í þessu skyni og með sama hætti og gildir um aðra, framboð á viðeigandi tilsögn, þjálfun og fé,		Íþróttasamband fatlaðra nýtur stuðnings stjórnvalda.	MMR	V
c) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótt- og tómstundastarf fer fram og að ferðamannastöðum	Mannvirkjalög og lög um náttúruvernd	Tryggja aðgengi að stöðum þar sem íþrótt- og tómstundastarf fer fram og að ferðamannastöðum	UAR	V
d) til þess að tryggja fötluðum börnum aðgang, til jafns við önnur börn, að leikjum og tómstunda- og frístunda- og íþróttastarfi, meðal annars innan skólakerfisins,	Lög um leikgrunn- og framhaldsskólana og íþrótt- og æskulýðslög	Ekki þörf á lagabreytingu	MMR	V
e) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómstundastarfs, ferðamennsku og frístunda- og íþróttastarfs.		Samráð haft við hagsmunahópa við áætlanagerð og við gerð byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar.	UAR MMR ANR	V

<b>31. gr. Hagtölur og gangasöfnun</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hagtölur og rannsóknargögn, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnu samningi þessum til framkvæmdar. Söfnun og varðveisla slíkra upplýsinga:	Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð nr. 163/2007	Allar málsgreinar falla undir lög um Hagstofu og opinbera hagsýslugerð. Ath félagsvísa á vegum Velferðarvaktarinnar. Ath. Mikilvægt að styðjast við akademískar rannsóknir, bæði eigindlegar og megindlegar rannsóknaraðferðir.  1. mgr. 2. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð er svohljóðandi: „Hagstofan skal ákveða [hagskýrsluverkefni]1) og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfraðilegar upplýsingar til	IRR	V

		stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfraeðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila.“		
a) skal vera í samræmi við lögmætar verndarráðstafanir, meðal annars löggjöf um gagnavernd, til þess að tryggt sé að trúnaðarskylda sé virt og einkalíf fatlaðs fólks,		3 kafli laga nr. 163/2007	IRR	V
b) skal vera í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunarreglur um vernd mannréttinda og mannfrelsis og siðareglur sem gilda um söfnun og notkun hagtalna.		3 kafli laga nr. 163/2007	IRR	V
2. Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða, eftir því sem við á, og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að því að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.	Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð nr. 163/2007	Hagstofa Íslands heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið og þar var þessi liður skoðaður. Samkvæmt svörum frá Hagstofunni hefur tiltækum upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk verið safnað saman en þessar upplýsingar hafa þó verið takmarkaðar. Gagnasöfnun hefur verið eflað að því leytnu til að á síðasta ári fór fram viðamikil gagnasöfnun frá sveitarfélögum varðandi þjónustu þeirra við fatlað fólk árið 2011. Greining gagnanna hefur farið fram en niðurstöður hafa ekki verið birtar. Til stendur að endurtaka gagnasöfnun fyrir árið 2012.  Skv. upplýsingum frá Hagstofu er gætt að sjónarmiðum sem koma fram í ákvæðinu. Þarfnast því ekki lagabreytingar.	IRR	V
3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndra hagtalna og tryggja fötluðu fólki og öðrum aðgang að þeim.	Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð nr. 163/2007		IRR	V

32. gr. Alþjóðlegt samstarf	Varðar lög	Athugasemdir	Ábyrgð	V/X
--------------------------------	------------	--------------	--------	-----

1. Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og að stuðlað verði að framgangi þess, til stuðnings innlendri viðleitni til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi ná fram að ganga, og munu gera viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir í þeim málum milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Fyrirnefndar ráðstafanir gætu meðal annars náð yfir eftirfarandi:		Mið tekið af ákvæðinu í verkefnum UTN og öðru alþjóðlegu samstarfi á vegum stjórnvalda. Krefst ekki lagabreytinga e er viðvarandi verkefni.		V
a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, þ.m.t. alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,	Lög um þróunarsamvinnu 121/2008	Engin ákvæði eru til um aðkomu fatlaðs fólks þróunarsamvinnu en lögini taka fram að leitað verði til ýmissa þjóðfélagshópa. Endurskoðuð áætlun 2015 mun taka mið af þessu ákvæði.	UTN	V
b) að efla og auka afkastagetu, m.a. með því að skiptast á og miðla með gagnkvæmum hætti upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,				
c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,				
d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, m.a. með því að auðvelda aðgang að og gagnkvæma miðlun aðgengilegrar og gagnlegrar tækni, og með yfirfærslu á tækni,				
2. Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.				

<b>33. gr. Framkvæmd og eftirlit innanlands</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnarsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnarsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum vegna framkvæmdar samningsins á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.		Skoða sérstaklega hvernig best sé að innleiða 33. gr. samningsins, hvort slík miðstöð yrði innan eins ráðuneytis eða stofna sérstakt ráðuneyti, innleiðing samræmingarkerfi innan stjórnarsýslunnar, Sjá tillögur í skýrslu VEL um réttindagæslukerfið	IRR/ VEL	X
2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á rammaáætlun, m.a. einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að greiða fyrir, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Samningsaðilarnir skulu, þegar þeir tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og		Huga þarf að stofnanafyrirkomulagi. Hugmyndir um stofnun innlendra mannréttindastofnunar (skýrsla VEL um réttindagæslukerfið)	IRR/ VEL	X

eflingar mannréttinda.				
3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem fara með mál þess, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.		Skýrsla VEL um réttindagæslukerfið fjallar um skipun í stjórn innleðrar mannréttindastofnunar eða náin samvinna milli.	IRR/ VEL	X

<b>34. gr. Nefnd um réttindi fatlaðs fólks</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Setja ber á stofn nefnd um réttindi fatlaðs fólks (hér á eftir nefnd „nefndin“) sem skal vinna þau verk sem kveðið er á um hér að aftan.				
2. Þegar samningur þessi öðlast gildi skulu tólf sérfræðingar skipa nefndina. Eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum skal fjölgað í nefndinni um sex nefndarmenn sem þýðir að heildarfjöldi nefndarmanna verður átján.				
3. Nefndarmenn sitja í nefndinni á eigin forsendum sem einstaklingar og skulu hafa þroskaða siðferðisvitund og viðurkennda menntun og hæfi og reynslu á því sviði sem samningur þessi fjallar um. Óskað er eftir því að aðildarríkin taki eðlilegt tillit til ákvæða 3. mgr. 4. gr. samnings þessa þegar þau tilnefna frambjóðendur sína.				
4. Aðildarríkin kjósa nefndarmenn að teknu tilliti til jafnrar dreifingar milli heimshluta, þess að fulltrúar komi frá ólíkum menningarþjóðfélögum og grunnréttarkerfum, til jafnrar þátttöku kynjanna og þátttöku fatlaðra sérfræðinga.				
5. Nefndarmenn skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu af lista einstaklinga, sem aðildarríkin tilnefna úr hópi þegna sinna, þegar fundir þings aðildarríkjanna fara fram. Á þeim fundum, sem eru ákvörðunarbærir eigi tveir þriðju aðildarríkjanna þar fulltrúa, skulu þeir einstaklingar sem eru kjörnir til setu í nefndinni vera þeir sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.				
6. Halda ber fyrstu kosningu eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag þegar samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda aðildarríkjunum bréf, með eigi skemmmi fyrirvara en fjórum mánuðum fyrir þann dag þegar sérhver kosning skal fara fram, og óska eftir tilnefningum þeirra innan tveggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn tekur því næst saman skrá í stafrófsröð um alla einstaklinga, sem þannig eru tilnefndir, og gefur til kynna hvaða aðildarríki tilnefndi þá og sendir að svo búnu skrána þeim ríkjum sem eru aðilar að samningi þessum.				

7. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Heimilt er að endurkjósa þá einu sinni. Engu að síður skal kjörtímabili sex þeirra nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningu ljúka að tveimur árum liðnum; strax að lokinni fyrstu kosningu skal fundarstjóri, á fundi þeim er um getur í 5. mgr. þessarar greinar, velja nöfn fyrrnefndra sex nefndarmanna með hlutkesti.				
8. Kjör hinna sex viðbótarnefndarmanna skal fara fram þegar reglubundnar kosningar fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar greinar.				
9. Falli nefndarmaður frá eða segi af sér eða lýsi því yfir að hann geti ekki, af einhverri annarri ástæðu, gegnt skyldum sínum skal aðildarríkið, sem tilnefndi hann, skipa annan sérfræðing, sem hefur menntun og hæfi og uppfyllir þær kröfur er um getur í viðeigandi ákvæðum þessarar greinar, til þess að starfa í nefndinni út kjörtímabilið.				
10. Nefndin setur sér starfsreglur				
11. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal útvega nauðsynlega starfsmenn og aðstöðu til þess að nefndin geti sinnt störfum sínum með skilvirkum hætti samkvæmt samningi þessum og boða til fyrsta fundar hennar.				
12. Þeir sem sitja í nefndinni, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, skulu, með samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þiggja laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið kann að ákveða, að teknu tilliti til mikilvægis þeirra ábyrgðarstarfa sem nefndin sinnir				
13. Nefndarmönnum ber réttur til aðstöðu, forréttinda og friðhelgi sérfræðinga sem reka erindi Sameinuðu þjóðanna, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi hlutum samningsins um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna.				

<b>35. gr. Skýrslugjöf aðildarríkjanna</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Sérhvert aðildarríki skal senda nefndinni, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, ítarlega skýrslu um ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningi þessum, og um framfarir, sem hafa orðið á því sviði, innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki.				



2. Eftir það skulu aðildarríkin senda skýrslur sínar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og oftari fari nefndin fram á það.		Verkefni fyrir stjórnarráðsins um mannréttindi verði mannréttindaáætlun að veruleika		
3. Nefndin skal fastsetja leiðbeiningar um efni skýrslanna.				
4. Aðildarríki, sem hefur sent nefndinni ítarlega frumskýrslu, þarf ekki að endurtaka áður veittar upplýsingar í skýrslum sem á eftir fara. Óskað er eftir því, þegar aðildarríkin undirbúa skýrslur til nefndarinnar, að þau geri það með opnum og gagnsæum hætti og taki eðlilegt tillit til ákvæðisins í 3. mgr. 4. gr. samnings þessa.				
5. Í skýrslunum er heimilt að geta um þá þætti og erfiðleika sem hafa áhrif á það hversu vel miðar að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.				

<b>36. gr. Umfjöllun um skýrslur</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Nefndin skal fjalla um sérhverja skýrslu og gera þær tillögur og leggja fram þau almennu tilmæli sem hún telur við eiga og senda hlutaðeigandi aðildarríki. Aðildarríkið getur svarað með því að láta nefndinni í té þær upplýsingar sem það kys. Nefndin getur óskað eftir frekari upplýsingum frá aðildarríkjunum sem varða framkvæmd samnings þessa.				
2. Dragist verulega á langinn að aðildarríki sendi skýrslu sína getur nefndin tilkynnt hlutaðeigandi aðildarríki um að nauðsynlegt sé að kanna framkvæmd samnings þessa í því aðildarríki, á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga sem nefndin hefur aðgang að, hafi viðkomandi skýrsla ekki verið send innan þriggja mánaða frá tilkynningunni. Nefndin skal bjóða hlutaðeigandi aðildarríki að taka þátt í fyrirnefndri könnun. Bregðist aðildarríkið við með því að senda viðkomandi skýrslu gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.				
3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera öllum aðildarríkjunum kleift að nálgast skýrslurnar.				
4. Aðildarríkin skulu gera almenningi í eigin löndum auðvelt um vik að nálgast skýrslur sínar og greiða fyrir aðgangi að þeim tillögum og tilmælum sem varða þessar skýrslur.				

5. Nefndin skal senda sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, ásamt sjóðum og áætlunum á þeirra vegum, og öðrum bærum stofnunum skýrslur frá aðildarríkjunum, eftir því sem hún telur við eiga, í því skyni að taka fyrir beiðni um eða vísbendingu um þörf fyrir tæknilega ráðgjöf eða aðstoð, sem þar kemur fram, ásamt athugasemdum nefndarinnar og tilmælum, ef um þau er að ræða, viðvíkjandi þessum beiðnum eða vísbendingum.				
--	--	--	--	--

<b>37. gr.</b> <b>Samvinna milli aðildarríkjanna og nefndarinnar</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Sérhvert aðildarríki skal vinna með nefndinni og aðstoða nefndarmenn við að uppfylla skyldur sínar eftir því umboði sem þeim er veitt.				
2. Nefndin skal, í samskiptum sínum við aðildarríkin, taka eðlilegt tillit til leiða og aðferða við að auka getu innanlands til þess að framkvæma samning þennan, m.a. í gegnum alþjóðlegt samstarf.				

<b>38. gr.</b> <b>Tengsl nefndarinnar við aðrar stofnanir</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Í því skyni að greiða fyrir árangursríkri framkvæmd samnings þessa og að stuðla að samvinnu þjóða í milli á því sviði sem hann fjallar um:				
a) skulu sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir þeirra hafa rétt til þess að eiga fyrirvar þegar fjallað er um framkvæmd þeirra ákvæða samnings þessa sem falla undir þann málaflokk sem þær sinna. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanirnar og aðrar bærar stofnanir, eftir því sem hún telur við hæfi, að þær láti í ljós sérfræðialit um framkvæmd samningsins innan þeirra sviða sem falla undir málaflokka hvernar um sig. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanir og aðrar bærar stofnanir að þær leggi fram skýrslur um framkvæmd samningsins innan þeirra sviða sem falla undir starfsemi þeirra.				
b) Þegar nefndin uppfyllir skyldur sínar eftir umboði sínu skal hún hafa samráð, eftir því sem við á, við aðrar hlutadeigandi stofnanir, sem er komið á fót samkvæmt alþjóðasamningum um mannréttindi, í því skyni að tryggja samsvörun leiðbeininga, tillagna og almennra tilmæla hvernar um sig viðvíkjandi skýrslugerð og að forðast tvíverknað og skörun í störfum þeirra				

<b>39. gr. Skýrsla nefndarinnar</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Nefndin skal gefa allsherjarþinginu og efnahags- og félagsmálaráðinu skýrslu um starfsemi sína og getur lagt fram tillögur og almenn tilmæli byggð á könnun skýrslna og upplýsinga frá aðildarríkjunum. Slíkar tillögur og almenn tilmæli ber að fella inn í skýrslu nefndarinnar ásamt athugasemdum frá aðildarríkjunum, ef um þau er að ræða.				
<b>40. gr. Þing aðildarríkjanna</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu hittast reglulega á þingi aðildarríkjanna í því skyni að fjalla um öll mál er varða framkvæmd samnings þessa.				
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman þing aðildarríkjanna eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjórinn boðar til funda annað hvert ár eftir það eða eins oft og þing aðildarríkjanna ákveður.				
<b>41. gr. Vörsluaðili</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.				
<b>42. gr. Undirritun</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um samvinnu í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 30. mars 2007 að telja.				
<b>43. gr. Samþykki fyrir því að vera bundinn af samningi þessum</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu undirritunarríkja og formlega staðfestingu svæðisstofnana um samvinnu sem undirrita hann. Samningurinn skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers ríkis eða svæðisstofnunar um samvinnu sem ekki hefur undirritað hann.				
--	--	--	--	--

<b>44. gr. Svæðisstofnanir um samvinnu</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. „Svæðisstofnun um samvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og hefur umboð, sem aðildarríki hennar veita henni, til að fara með málefni sem samningur þessi fjallar um. Svæðisstofnanir um samvinnu skulu greina, í skjölum sínum um formlega staðfestingu eða aðild, frá valdmörkum sínum með tilliti til mála sem samningur þessi fjallar um. - 26 -Þær skulu síðar meir tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verða kann á umboði þeirra og skiptir máli.  Þær skulu síðar meir tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verða kann á umboði þeirra og skiptir máli.				
2. Visanir til „aðildarríkja“ í samningi þessum eiga við fyrrnefndar stofnanir eins langt og valdsvið þeirra nær.				
3. Að því er varðar 1. mgr. 45. gr. og 2. og 3. mgr. 47. gr. samnings þessa skal eigi telja með skjöl sem svæðisstofnun um samvinnu afhendir til vörslu.				
4. Svæðisstofnanir um samvinnu geta, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neytt atkvæðisréttar á þingi aðildarríkja með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.				

<b>45. gr. Gildistaka</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu.				

2. Gagnvart sérhverju ríki eða svæðisstofnun um samvinnu, sem fullgildir samning þennan, staðfestir hann formlega eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun hefur afhent viðkomandi skjal sitt til vörslu.				
--	--	--	--	--

<b>46. gr. Fyrirvarar</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Óheimilt er að gera fyrirvara sem eru í ósamræmi við markmið og tilgang samnings þessa.				
2. Heimilt er að draga fyrirvara til baka hvenær sem er.				

<b>47. gr. Breytingar</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
1. Sérhvert aðildarríki getur lagt fram breytingartillögu við samning þennan og sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda aðildarríkjunum allar breytingartillögur, ásamt beiðni um að sér verði tilkynnt hvort þau séu því meðmælt að haldið verði þing aðildarríkja í því skyni að fjalla um þær og afgreiða. Komi í ljós, innan fjögurra mánaða frá því að aðalframkvæmdastjórinn sendir fyrrnefndar tillögur, að minnst þriðjungur aðildarríkjanna sé meðmæltur þinghaldi skal aðalframkvæmdastjórinn kalla þingið saman á vegum Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sérhverja breytingartillögu, sem er samþykkt með tveimur þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra aðildarríkja sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, til samþykktar og í framhaldi af því öllum aðildarríkjum til staðfestingar.				
2. Breyting, sem er tekin upp og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda samningsríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt. Eftir það öðlast breytingin gildi gagnvart hvaða aðildarríki sem er á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörslu. Breyting er aðeins bindandi				

fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana.				
3. Breyting, sem er tekin upp og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og varðar 34., 38., 39. og 40. gr. einvörðungu, skal, ákveði þing samningsaðila það einróma, öðlast gildi gagnvart öllum aðildarríkjum á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda aðildarríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt.				

<b>48. gr. Úrsögn</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Aðildarríki getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Úrsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku				

<b>49. gr. Aðgengilegt snið</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Texti samnings þessa skal liggja frammi á aðgengilegu sniði.				

<b>50. gr. Gildir textar</b>	<b>Varðar lög</b>	<b>Athugasemdir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>V/X</b>
Textar samnings þessa á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir				

### **Breytingar á orðalagi: Frumvarp til laga um breytta hugtakanotkun frá IRR. Vor 2015.**

#### Orðalagsbreytingar:

Almenn hegningalög nr. 19/1940: 222. gr. „fávita“ breyta í „manni með þroskahömlun“

Í eftirtöldum lögum þarf að breyta „fatlaðir“ í „fatlað fólk“:

- Lög um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982: 2. mgr. 2. gr.
- Umferðarlög nr. 50/1987: 2. mgr. 4. gr., j-liður 1. mgr. 28. gr., 1. mgr. 49. gr.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991: 7. tölul. 2. gr., XI kafli, 42. gr., 43. gr., 1. mgr. 44. gr. 3. mgr. 44. gr., 54. gr.
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992: (endurskoða orðanotkun í öllum greinunum)
- Lög um vörugjald af ökutækum, eldsneyti ofl. nr. 29/1993: f-liður 2. mgr. 5. gr., l-liður 5. gr.,
- Lög um húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993: 2. mgr. 52. gr.
- Lög um húsaleigubætur nr. 138/1997: 5. mgr. 7. gr.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998: 14. tölul. 4. gr.
- Lög um húsnæðismál nr. 44/1998: 5. tl. 14. gr.
- Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998: 2. mgr. 58. gr.
- Lög um fjarskipti nr. 81/2003: f-liður 3. mgr. 61. gr.
- Lög um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins nr. 83/2003: c- og d-liður 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 4. gr., 1. mgr. 8. gr.
- Lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006: 2. mgr. 6. gr.
- Lög um starfstengda eftirlaunasjóði nr. 78/2007: 14-liður viðauka
- Lög um opinber innkaup nr. 84/2007: 40 .gr., 29-liður viðauka
- Lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008: 26. gr.